


MINNISBLAÐ TIL JÓNSMESSUNEFNDAR – FJÁRMÖGNUN MÁLAFLOKKS FATLAÐS FÓLK

A. Fullnægjandi fjármögnun þjónustu við fatlað fólk

Á undanförunum árum hafa átt sér stað viðræður milli ríkis og sveitarfélaga um fjármögnun þjónustu við fatlað fólk. Þeim viðræðum er hvergi nærri lokið enda er bilið milli þeirra tekna sem sveitarfélög hafa til að sinna málaflokknum og kostnaðar við hann að breikka hratt og stefnir í óefni ef ekkert er að gert. Þrátt fyrir umfangsmikla vinnu, fjölda starfshópa og vandaðar greiningar hefur því miður gengið erfiðlega fyrir ríki og sveitarfélög að ná saman um raunhæfa og eðlilega fjármögnun þessa viðamikla og mikilvæga málaflokks.

Samkvæmt skýrslu félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins frá 1. janúar 2024 verður hallinn á málaflokkunum ríflega 10 ma.kr. á árinu 2024 og fer vaxandi og verður nær 35-50 ma.kr. árið 2028.

Mynd 2 Þróun útgjalda og markaðra tekjustofna, í m. kr. á verðlagi hvers árs, til þjónustu við fatlað fólk árin 2011-2022 og áætluð útgjöld og markaðir tekjustofnar til þjónustu við fatlað fólk til ársins 2028



Sambandið telur ekki við þetta ástand unað. Horfast þarf í augu við raunverulega þörf á fjármögnun málaflokksins og leggur Sambandið því mikla áherslu á að ríkið tryggi fulla fjármögnun enda hagsmunir allra að sveitarfélögin hafi bolmagn til að sinna þessari þjónustu eins vel og metnaður þeirra stendur til með hagsmuni notenda að leiðarljósi.

B. Ábyrgð ríkisins á þjónustu við börn með fjölþættan vanda

Hvað varðar áfangaskýrslu II um kostnaðar- og ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga í þjónustu við fatlað fólk, sem kom út í september og gefin var út af Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu vill Sambandið árétta bókun sína sem er að finna í viðauka II við skýrsluna.

Sambandið vill sérstaklega árétta þá tillögu sem lögð er fram um þjónustu við börn með fjölþættan vanda. Niðurstaða starfshópsins sem vann skýrsluna var einróma:

„Ríkið taki yfir ábyrgð og fjármögnun vegna þjónustu við börn og ungmenni með fjölþættan vanda sem þurfa 3. stigs þjónustu skv. skilgreiningu hér fyrir ofan. Hópurinn telur 34 börn skv. greiningu frá árinu 2022 og er heildarkostnaður vegna rekstrar þjónustunnar áætlaður 3 ma.kr. á ársgrundvelli. Við uppbyggingu þjónustu verði horft til tillagna stýrihóps um fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölþættan vanda.“

Einnig er mikilvægt að benda á að tveir aðrir hópar hafa komist að sömu niðurstöðu. Fyrst ber að nefna skýrslu stýrihóps um fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölþættan vanda sem skilað var til mennta- og barnamálaráðherra í ágúst 2023 og þá skýrslu starfshóps um kostnaðar- og ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga í þjónustu við fatlað fólk sem skilað var til félags- og vinnumarkaðsráðherra í janúar 2024.

Með hliðsjón af þeim skýrslum sem hafa komið út og fjalla um málefni barna með fjölþættan vanda þá er samróma álit allra um skynsemi þess að þjónustan sé á forræði eins aðila. Þar gefur að líta um mikilvægi þess að svo fámennur og viðkvæmur hópur fái þjónustu við hæfi og jafnræði sé gætt til að veita slíka þjónustu. Lítil og meðalstór sveitarfélög hafa ekki fjárhagslegt né faglegt bolmagn til að bera ábyrgð á slíkri þjónustu. Dæmi eru um að þjónusta við fámennan hóp barna er farin að kosta jafn mikið og 100 barna leikskóli. Það má líkja þjónustunni við gjörgæslu þjónustu og í dag er verið að reka gjörgæslu sem rúmar einungis eitt barn vítt og breitt um höfuðborgarsvæðið. Það er ekki skynsamlegt af hálfu hins opinbera að skipuleggja þjónustu með þessum hætti. Það er kostnaðarsamt og takmarkar nýtingu þekkingar sem verður að vera aðgengileg í slíkri þjónustu.

Ekki þarf að fjölyrða um að ástandið í málaflokknum er ekki gott. Í heimsóknarskýrslu Umboðsmanns Alþingis til Klettabæjar (Klettabær er einkafélag sem sinni flestum börnum sem flokkast undir fjölþættan vanda) kom fram:

„Þeir utanaðkomandi sérfræðingar sem rætt var við í tengslum við úrvinnslu heimsóknarinnar lögðu allir áherslu á mikilvægi aðkomu faglærðs starfsfólks að þjónustu við börnin, þ.m.t. við beitingu atferlismótandi fasakerfis, og þá bæði með beinum hætti við daglega umönnun þeirra og óbeinum, s.s. með þjálfun og handleiðslu almennra starfsmanna. Þótt ekki yrði annað séð en að almennir starfsmenn Klettabæjar sinntu börnunum af alúð verður ekki fram hjá því litið að alla jafna er um að ræða ungt og ófaglært starfsfólk sem ætla má að hafi takmarkaðar forsendur til að sinna sérhæfðri meðferð eða þjónustu við þau.“

Jafnframt fjallaði Umboðsboðaur Alþingis um þessi sjónarmið sem hafa komið fram í umræddum skýrslum og að nú standi yfir endurskoðun á skipulagi þjónustunnar.

Í sáttmála um ríkistjórnarsamstarf Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokk og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs er fjallað um aðgerðaráætlun um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, m.a. með það að markmiði að fækka „gráum svæðum“ í samtarfi ríkis og sveitarfélaga til að tryggja skilvirkari og betri þjónustu:

„Mótuð verður aðgerðaráætlun um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, m.a. með það að markmiði að fækka „gráum svæðum“ í samtarfi ríkis og sveitarfélaga til að tryggja skilvirkari og betri þjónustu“

Mikil vinna hefur farið fram af hálfu ríkis og sveitarfélaga við að meta fýsileika þess að ríki beri ábyrgð á þjónustu við börn með fjölþættan vanda. Styrkleiki verkefnisins er að hérna gefst hinu opinbera tækifæri á að nýta skattfé almennings með skynsamlegri hætti en áður og að veita betri þjónustu á sama tíma. Allir aðilar sem hafa fjallað um málið frá árinu 2010 hafa komist að sömu niðurstöðu. Þar af leiðandi er nauðsynlegt að ríki og sveitarfélög taki endanlega á skarið og klára þetta mál í samræmi við niðurstöður allra aðila í málinu og að ríkið taki yfir þjónustuna.

C. Tillögur

Með vísan til framangreindrar umfjöllunar leggur Sambandið til eftirfarandi:

1. ***Sambandið og ríkið taki upp formlegt samtal um heildarfjármögnun málaflokks fatlaðs fólks svo gera megi nauðsynlegar breytingar á fjárlagafrumvarpi næsta árs***
2. ***Sambandið og ríkið klári formlega yfirfærslu á þjónustu við börn með fjölþættan vanda frá sveitarfélögum til ríkis og geri ráð fyrir fjármagni til að sinna þessari þjónustu í fjárlögum næsta árs.***